



Reykjavík, 24. júní 2024

MSS24050134

Borgarráð

Viljayfirlýsing um uppbyggingu nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs á Granda

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að viljayfirlýsingu þar sem Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir eru sammála um að greiða götu þess að nýsköpunar- og frumkvöðlasetur undir nafninu „100% Húsið“ rísi á Granda byggt á fyrirmynd og hugmyndafræði Sjávarklasans sem er gert ráð fyrir að standi að uppbyggingu og rekstri setursins. Til skoðunar verður bæði möguleikar á þróun núverandi húsakosts Faxaflóahafna eða nýbygging sem gæti risið við hlið Grandagarðs 16.

Greinagerð:

Íslenski sjávarklasinn hefur í rúman áratug verið aflvaki nýsköpunar í bláa hagkerfinu. Hugmyndafræði klasans um betri nýtingu á hliðarafurðum hefur vakið athygli víða um heim og leitt til stofnunar fjölda fyrirtækja og fjölda systurklasa.

Þetta verkefni styður mjög vel við markmið atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar en forgangsráðgjafi 3.1 í stefnunni segir:

Byggjum upp nýsköpunar- og þekkingarkjarna: Borgin mun hafa frumkvæði að samstarfi um þróun nýsköpunar og þekkingarkjarna í Reykjavík. Þar verða atvinnutækifæri framtíðarinnar sköpuð í samstarfi atvinnulífs, nýsköpunarsamfélagsins, menntastofnana og borgarinnar.

Frá stofnun hefur sjávarklasinn laðað að hundruð hópa í heimsóknir og verið fjallað um hann í fjölda alþjóðlegra fjölmiðla og þannig vakið athygli á Reykjavík sem miðstöð haftengdrar nýsköpunar. Sjávarklasinn hefur frá upphafi verið staðsettur í húsnæði Faxaflóahafna og eru í dag 75 fyrirtæki staðsett þar en alls eru 100 fyrirtæki virk í formlegu klasasamstarfi.

Þetta verkefni er kjörið tækifæri til þess að efla þennan mikilvæga vaxtasprotu borgarinnar og skapa tækifæri fyrir enn fleiri hugmyndir í haftengdri nýsköpun að blómstra í Reykjavík.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Viljayfirlýsing um uppbyggingu nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs á Granda, drög. Trúnaðarmál.



Reykjavík



Viljayfirlýsing

um uppbyggingu nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs á Granda

Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir eru sammála um að greiða götu glæsilegs nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs undir heitinu „100% Húsið“ með áherslu á haftengda nýsköpun við Grandagarð sem byggt verður á fyrirmynd og hugmyndafræði Sjávarklasans sem mun standa að þróun, uppbyggingu og rekstri setursins. Skoðað verður hvort sá húsakostur sem er í eigu Faxaflóahafna í dag henti til uppgerðar eða að nýtt hús rísi við hlið Grandagarðs 16.

Aðilar sammings munu vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem verði sett í hefðbundið samráðs og auglýsingaferli.

Aðilar eru sammála um að næstu skref verði:

- Þróuð verði forsögn að nýju deiliskipulagi fyrir nýsköpunarhúsið sem lýsi markmiðum og áherslum Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna til metnaðarfullrar atvinnuuppbyggingar.
- Sérstaklega verði hugað að mikilvægum skipulagslegum þáttum á borð við stærð bygginga, samgöngutengingar og almenningsrými.
- Virkir ferðamátar verði í forgangi.
- Ef nýtt deiliskipulag tekur gildi með auglýsingu í stjórnartíðindum munu Faxaflóahafnir úthluta viðkomandi lóð til Sjávarklasans.

Aðilar eru sammála um að hraða skipulagsvinnu og undirbúningi verkefnisins til að tryggja markvissan framgang þess.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Faxaflóahafna

F.h. Sjávarklasans



Reykjavík